

8 skref í átt að barnvænu sveitarfélagi

Handbók sveitarfélaga við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

UNICEF á Íslandi

Júní 2016

Barnvæn sveitarfélög er líkan sem styður við innleiðingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Líkanið er byggt á alþjóðlegri fyrirmynd sem UNICEF hefur unnið að frá 1996. Íslensk útgáfa líkansins er þróuð í samstarfi við umboðsmann barna. Haustið 2016 hefst tilraunaverkefni á Akureyri þar sem bærinn mun innleiða líkanið, fyrst íslenskra sveitarfélaga. Að ári liðnu, vorið 2017 mun þátttaka í innleiðingu á verkefninu standa fleiri sveitarfélögum til boða. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á www.barnvaensveitarfelog.is

Efnisyfirlit

Um barnvæn sveitarfélög	5
Innleiðingarferlið	5
Átta skref barnvænna sveitarfélaga	8
1. Skref - Staðfesting þátttöku og stofnun stýrihóps	8
2. Skref - Kortlagning	11
3. Fræðsla	14
4. Aðgerðaáætlun	16
5. Framkvæmd	18
6. Skýrslur	19
7. Mat og viðurkenning	20
8. Endurmat og ný markmið	21
Viðaukar	22
Viðauki 1: Minnislisti fyrir aðgerðaáætlun	22
Viðauki 2: Matslisti fyrir skýrslur og lokamat	23

Hugtök

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er **barn** einstaklingur á aldrinum 0-18 ára. Með hugtakinu *barn* er því ávallt átt við einstakling undir 18 ára aldri. Þegar sveitarfélag vinnur að því að innleiða Barnasáttmálann er þó mikilvægt að skoða ólík aldurskeið barna sérstaklega. Börn eru fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir og forðast þarf að setja alla einstaklinga undir 18 ára aldri undir einn og sama hatt.

Sveitarfélag – Hugtakið *sveitarfélag* er skilgreint vítt í þessari handbók, það nær til nærumhverfis barna en einnig til stjórnýslu sveitarfélagsins og þjónustu á vegum þess. Í vissum tilvikum getur hugtakið einnig átt við félagasamtök og íþróttahreyfingar sem starfa innan sveitarfélagsins.

Þátttaka vísar í þessum texta til möguleika einstaklinga til að koma skoðunum sínum á framfæri og tækifæri þeirra til að hafa áhrif á ákvarðanir í nærumhverfi sínu. Þátttaka vísar einnig til viðhorfa til barna og þess hvort litið sé á börn sem fullgilda þátttakendur í samfélaginu.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) er mannréttindasáttmáli sem gildir um öll börn. Hann skilgreinir mannréttindi barnsins og gerir kröfur til aðildarríkja sáttmálans um að uppfylla réttindin sem sáttmálinn tilgreinir.

Sjá nánar á www.barnvaensveitarfelog.is, www.barn.is eða www.barnasattmali.is.

Í Barnasáttmálanum eru fjórar **grundvallarforsendur**.

Þær eru:

1. Jafnræði – Bann við mismunun.
2. Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem börnum er fyrir bestu.
3. Réttur barnsins til lífs, afkomu og þroska.
4. Réttur barnsins til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.

Hugtakið „**barnvænt**“ vísar til þess að réttindin sem skilgreind eru í Barnasáttmálanum séu virt. Hægt er að segja að sveitarfélag sé barnvænt ef það leggur á sig markvissa vinnu við að innleiða Barnasáttmálann og stuðlar að því að réttindi og velferð barna liggi til grundvallar allri starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess. Þó má segja að Barnasáttmálinn verði aldrei að fullu innleiddur, enda er það er eilífðarverkefni að halda forsendum hans á lofti og vinna að því að uppfylla þær. Ekkert sveitarfélag mun geta sagst hafa að fullu innleitt sáttmálann, en UNICEF kemur til með að veita sveitarfélögum viðurkenningu fyrir ferlið sem þau leggja á sig með það fyrir augum að innleiða réttindi barna með markvissum hætti.

Jafnrétti – hugtakið jafnrétti er skilgreint í samræmi við jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar og 2.grein Barnasáttmálans. Þar er vísað til jafn réttar allra einstaklinga til að njóta mannréttinda sinna án tillits til uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, aldurs, efnahags, ætternis, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Barnvæn sveitarfélög þurfa einnig að huga til þess að skoða mismunun út frá efnahagslegrar stöðu foreldra t.d. í samhengi við skólamáltíðir eða leikskólagjöld.

Um barnvæn sveitarfélög

Í kjölfar lögfestingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Íslandi árið 2013 hefur eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við innleiðingu sáttmálans aukist til muna. Á það ekki síst við um sveitarfélögin, sem sinna stórum hluta þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna og ungmenna. Þótt ríkið beri formlega ábyrgð á því að uppfylla Barnasáttmálann verður hann aldrei að fullu hluti af íslensku samfélagi nema með aðkomu sveitarfélaganna.

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans sé leiðarstef í starfsemi þess. Líkja má innleiðingunni við að starfsmenn og stjórnvaldamenn sveitarfélagsins setji upp „barnaréttindagleraugu“ og rýni og skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum. Sáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.

Til að gera sem flestum sveitarfélögum kleift að innleiða Barnasáttmálann með markvissum hætti hafa UNICEF á Íslandi og umboðsmaður barna búið til líkan fyrir innleiðingu sáttmálans innan íslenskra sveitarfélaga – líkan sem við kjósum að kalla *barnvæn sveitarfélög*. Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga er sótt til alþjóðlegs verkefnis UNICEF, *Child Friendly Cities (CFC)*, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim frá árinu 1996. Íslenska líkanið byggir jafnframt á efni frá umboðsmönnum barna í Noregi og Svíþjóð og UNICEF í Finnlandi.

Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggist á fimm grunnpáttum sem eru leiðbeinandi við innleiðingu Barnasáttmálans. Þættirnir hafa tengingu við grundvallarforsendur Barnasáttmálans og útlista þær kröfur sem sáttmálinn gerir til stjórnvalda um breytt verklag, ákvarðanaferla og viðhorf til barna í samfélaginu. Grunnpættirnir barnvænna sveitarfélaga eru eftirfarandi:

1. Að réttindi barnsins séu vel þekkt.
2. Að horft sé til réttinda allra barna.
3. Þátttaka barnsins.
4. Barnvænt samfélag.
5. Það sem barninu er fyrir bestu.

Á þessum vef geta kjörnir fulltrúar og starfsfólk sveitarfélaga og aðrir áhugasamir einstaklingar nálgast nauðsynlegar upplýsingar um innleiðingu Barnasáttmálans. Þau sveitarfélög sem hafa áhuga á að hefja formlegt ferli við innleiðingu sáttmálans og gerast þannig barnvæn sveitarfélög, geta jafnframt sent inn umsókn þess efnis **hérna**.

Innleiðingarferlið

Sveitarfélög geta bæði bæði unnið sjálfstætt að innleiðingu Barnasáttmálans en þau geta einnig unnið að henni í samstarfi við UNICEF. Þau sveitarfélög sem vinna með UNICEF geta sótt um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög að uppfylltum ákveðnum forsendum.

Innleiðingarferlið með UNICEF tekur tvö ár og skiptist í átta skref. Markmið sveitarfélagsins í ferlinu er að innleiða réttindi barna með heildstæðum hætti inn í starfsemi sína og nýta Barnasáttmálann sem gæðastjórnunarverkfæri. Í kjölfar þess að sveitarfélag hefur unnið að innleiðingunni í tvö ár og verkefninu hefur miðað samkvæmt áætlun, getur það sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi fyrir að vera barnvænt sveitarfélag. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaáætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir. Til að halda viðurkenningunni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati frá UNICEF að þremur árum liðnum.



Innleiðingarferlið skiptist í átta skref:

*Þau sveitarfélög sem kjósa að vinna að innleiðingu Barnasáttmálans án aðkomu UNICEF fylgja skrefum 1-5.

1. skref - Ferlið hefst þegar sveitarstjórn tekur formlega, pólitíska ákvörðun um að innleiða Barnasáttmálann og stofnaður hefur verið stýrihópur verkefnisins. Stýrihópurinn ber ábyrgð á innleiðingu skrefanna átta. Ef sveitarfélagið ætlar að óska eftir formlegri viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag ber stýrihópurinn jafnframt ábyrgð á samskiptum við UNICEF.

2. skref - Næst hefst sveitarfélagið handa við kortlagningu á réttindum og velferð barna í sveitarfélaginu. Kortlagningin er grunnurinn að aðgerðaáætlun sveitarfélagsins og samanstendur af spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn og foreldra í sveitarfélaginu, tölfræðigögnum sem þegar eru til staðar um lífsskilyrði barna og svörum stýrihópsins við gátlistum barnvænna sveitarfélaga. Í kjölfarið stendur sveitarfélagið fyrir samráði með börnum og ungmennum þar sem markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra og viðhorfum á þeirri þjónustu sem sveitarfélagið veitir þeim og hvernig hægt sé að bæta hana og tryggja réttindi ólíkra hópa barna betur.

3. skref - Þá hefst sveitarfélagið handa við að tryggja að sem flestir einstaklingar innan sveitarfélagsins fái fræðslu um verkefnið og um réttindi barna. Unnið er markvisst að því að börn í sveitarfélaginu þekki réttindi sín og að starfsfólk sveitarfélagsins öðlist færni í að setja réttindin í samhengi við starfsumhverfi sitt – þannig að þau öðlist hagnýtt gildi.

4. skref - Í kjölfarið hefur sveitarfélagið vinnu við gerð aðgerðaáætlunar sveitarfélagsins fyrir innleiðingu Barnasáttmálans. Við þá vinnu nýtist kortlagningin úr skrefi tvö og upplýsingar úr samráði með börnum og ungmennum í skrefi þrjú. Þegar aðgerðaáætlunin er tilbúin er hún kynnt innan sveitarfélagsins og samþykkt formlega af sveitarstjórn. Aðgerðaáætlunin er jafnframt skrifuð á auðlesnu formi og kynnt fyrir börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Ef sveitarfélagið ætlar að óska eftir formlegri viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag fer á þessu stigi fram eftirfylgnifundur með starfsfólki UNICEF.

5. skref - Þá hefst næst vinna við að fylgja aðgerðaáætluninni eftir. Stýrihópurinn hefur umsjón með þeirri vinnu. Miðað er við að seinna ári innleiðingarinnar sé varið í að koma verkefnum aðgerðaáætlunarinnar í framkvæmd.

6. skref - Tveimur árum frá upphafi verkefnisins (að því gefnu að aðgerðaáætlun verkefnisins hafi miðað vel áfram) sendir sveitarfélagið UNICEF skýrslur um framgang verkefnisins. Þetta á þó eingöngu við sveitarfélög sem hafa í hyggju að sækja um formlega viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga. Í kjölfar þess fer fram matsfundur á framgangi verkefnisins. Fundinn situr stýrihópur verkefnisins og starfsfólk UNICEF.

7. skref - Ef UNICEF metur að verkefnið hafi verið réttindum barna innan sveitarfélagsins til framdráttar, að aðgerðaáætlun verkefnisins hafi verið innleidd og sveitarfélagið fengið fullnægjandi stigafjölda samkvæmt matslista barnvænna sveitarfélaga getur sveitarfélagið öðlast viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga.

8. skref - Haldi sveitarfélag innleiðingarvinnunni áfram hefst nýtt þriggja ára ferli með nýjum markmiðum og nýrri aðgerðaáætlun. Að þremur árum liðnum getur sveitarfélagið sótt um endurnýjun viðurkenningarinnar.

Átta skref barnvænna sveitarfélaga

1. skref - Staðfesting þátttöku og stofnun stýrihóps

Fyrsta skref innleiðingar Barnasáttmálans felst í að koma verkefninu af stað innan sveitarfélagsins. Það er meðal annars gert með því að tilnefna umsjónarmann og stýrihóp verkefnisins. Sveitarfélag getur bæði valið að vinna sjálfstætt að innleiðingunni með hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga til hliðsjónar eða unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Þau sveitarfélög sem vinna að verkefninu með UNICEF geta sótt um viðurkenningu frá samtökunum sem barnvæn sveitarfélög.

Hér að neðan má lesa nánari lýsingu á fyrsta skrefi barnvænna sveitarfélaga:

Kynningarfundur

Fulltrúar frá UNICEF halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa, helstu embættismenn, forstöðumenn sviða og aðra áhugasama einstaklinga innan stjórnkerfisins. Á fundinum er útskýrt ítarlega hvað felst í innleiðingu Barnasáttmálans og hvaða skref sveitarfélag þurfi að stíga til að verða barnvænt sveitarfélag. UNICEF útvegar sveitarfélaginu kynningarefni til að kynna verkefnið frekar innan stjórnkerfisins, áður en ákvörðun er tekin um að hefja innleiðingarferlið.

Formleg ákvörðun í sveitarstjórn

Sveitarstjórn tekur formlega ákvörðun um að hefja innleiðingu Barnasáttmálans. Mikilvægt að þverpólitískur stuðningur sé fyrir verkefninu og að almennur vilji sé fyrir að gera réttindi barna að rauðum þræði í starfi sveitarfélagsins.

Stýrihópur

Sveitarfélagið setur á stofn stýrihóp sem hefur umsjón með verkefninu. Mikilvægt er að sá hópur sé samsettur af einstaklingum frá öllum sviðum sveitarfélagsins, ekki eingöngu þeim sem hafa beina tengingu við málefni barna (fulltrúar þurfa líka að vera frá t.d. umhverfis- og skipulagssviði, fjármálasviði o.s.frv.). Jafnframt skal hugað að því að kjörnir fulltrúar eigi sæti í hópnum. Á þessu stigi er mikilvægt að leitað sé til ungmennaráðs sveitarfélagsins og fulltrúum þess boðin þátttaka í hópnum. Ungmennaráðið ætti að vera þátttakandi í innleiðingu Barnasáttmálans frá upphafi.

Hlutverk stýrihópsins er að:

- Samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins.
- Hafa umsjón með kortlagningu á réttindum og velferð barna innan sveitarfélagsins (2. skref) og stýra samráðsvettvangi með börnum og ungmennum innan sveitarfélagsins (3. skref).
- Meta þörf fyrir fræðslu um verkefnið og réttindi barna innan sveitarfélagsins (3. skref).
- Gera aðgerðaáætlun sem byggir á gögnum sem safnað er í kortlagningunni, samráðsvettvangi með börnum og ungmennum og svörum sveitarfélagsins við gátlistum barnvænna sveitarfélaga.
- Fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.
- Miðla upplýsingum um verkefnið og kynna aðgerðaáætlunina á auðlesnu formi fyrir börnum og ungmennum.
- Skýrslugjöf og samskipti við UNICEF (ef sveitarfélagið ætlar að sækja um viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga).

Meðlimir stýrihópsins:

- Deila með hópnum skoðunum og reynslu sinni.
- Miðla upplýsingum um innleiðingu verkefnisins frá stýrihópnum til samstarfsfólks.
- Fylgja sérstaklega eftir þeim þáttum aðgerðaáætlunarinnar sem snúa að eigin starfsvettvangi/sviði innan sveitarfélagsins.
- Umsjónarmaður verkefnisins innan sveitarfélagsins situr í stýrihópnum og er sérstakur tengiliður við UNICEF (ef sveitarfélagið ætlar að sækja um viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag).

Stuðningur sem UNICEF getur boðið stýrihópnum:

- Þátttöku á fyrsta fundi stýrihópsins.
- Almenn ráðgjöf og fræðsla.

Þátttaka barna og ungmenna í stýrihópnum:

Mælst er til þess að fulltrúar úr ungmennaráði sveitarfélagsins eigi sæti í stýrihópnum frá upphafi. Þó að fulltrúar ungmennaráðsins eigi sæti í hópnum er ekki hægt að ganga út frá því að þeir geti verið talsmenn allra barna á aldrinum 0-18 ára innan sveitarfélagsins. Stýrihópurinn ætti því eftir fremsta megni að sækja upplýsingar til ólíkra hópa barna. Jafnframt ætti stýrihópurinn að vinna að því að ungmennaráð sveitarfélagsins sé þátttakandi í sem flestum skrefum innleiðingarinnar og að þau fái tækifæri til að stýra ákveðnum hlutum verkefnisins.

Umhugsunatriði varðandi þátttöku barna og ungmenna

Huga þarf að því að umhverfi, staðsetning og tímasetning funda með ungu fólki sé þannig háttað að þau geti auðveldlega tekið þátt á eigin forsendum.

- Fundartími ætti að vera á tíma sem hentar börnunum (t.d. ekki á skólatíma).
- Umræðuefni, hugtaka- og orðanotkun ætti að taka mið af aldri og þroska barnanna.
- Sjá þarf til þess að börnunum líði vel og að þau upplifi að þau séu í aðstöðu til að tjá skoðanir og reynslu sína.
- Huga þarf að því að þátttaka í stýrihópnum leggi ekki of mikla ábyrgð á börnin.
- Mikilvægt er að huga að því að börn eru fjölbreyttur hópur einstaklinga á breiðu aldursbili (0-18 ára) og því sé ekki hægt að reikna með að einstök börn geti verið talsmenn allra barna í sveitarfélaginu.

Starfsmaður

Mikilvægt er að sveitarfélag tilnefni starfsmann sem umsjónaraðila verkefnisins. Hlutverk hans er að vinna með stýrihópnum og annast dagleg viðfangsefni sem tengjast verkefninu. Gæta þarf að því að umsjónarmaðurinn sé í aðstöðu til að beita sér innan ólíkra sviða og stofnana sveitarfélagsins og æskilegast er að hann sé staðsettur á skrifstofu bæjar-/sveitarstjóra eða annars sviðs þar sem hann getur beitt sér þvert á svið og stofnanir.

Upphafsviðburður og yfirlýsing

Ef sveitarfélagið ætlar að sækja um viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag fer á þessu stigi fram viðburður þar sem sveitarfélagið undirritar formlega yfirlýsingu um að það hefji ferlið við að verða barnvænt sveitarfélag í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Viðburðurinn er skipulagður af UNICEF og sveitarfélaginu.

Samantekt – 1. skref

Hvað gerir sveitarfélagið?

- Sveitarfélagið kynnir sér hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga og hefur samband við UNICEF til að óska eftir kynningarfundi og frekari upplýsingum um verkefnið. Tekin er ákvörðun um hvort vinna eigi verkefnið sjálfstætt eða í samstarfi við UNICEF á Íslandi (aðeins þau sveitarfélög sem eru í samstarfi við UNICEF geta sótt um formlega viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög).
- Sveitarstjórn tekur formlega ákvörðun um að hefja innleiðingu Barnasáttmálans.
- Sveitarfélagið stofnar stýrihóp verkefnisins.
- Sveitarfélagið tilnefnir umsjónarmann sem heldur utan um verkefnið og vinnur með stýrihópnum.
- Sveitarfélög sem vinna með UNICEF standa fyrir viðburði þar sem yfirlýsing um samstarfið er undirrituð og verkefnið kynnt.

Hvaða stuðning getur UNICEF veitt á þessu stigi?

- Fræðslu fyrir meðlimi stýrihópsins, kjörna fulltrúa og sviðsstjórum við upphaf verkefnisins, þar sem rætt er um Barnasáttmálann og þýðingu þess að innleiða hann.
- Kynningarefni um innleiðingu Barnasáttmálans og barnvæn sveitarfélög.
- Almenna ráðgjöf og fræðslu.

2. skref - Kortlagning

Kortlagningin er eitt mikilvægasta skrefið þegar kemur að því að innleiða Barnasáttmálann innan sveitarfélags. Hún felur í sér umtalsverða gagnasöfnun um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna svo hægt sé að búa til mælikvarða á velferð og réttindi barna í sveitarfélaginu. Sá mælikvarði er í kjölfarið nýttur sem grunnur fyrir aðgerðaáætlun verkefnisins og viðmið fyrir frekari stefnumótun sveitarfélagsins. Kortlagningin er stöðugreining á lífsskilyrðum barna í sveitarfélaginu.

Ein af grundvallarforsendum Barnasáttmálans er jafnræði – bann við mismunun. Til að sveitarfélag geti innleitt þessa forsendu og unnið markvisst að því að auka jafnræði meðal barna er nauðsynlegt að eiga gagnagrunn með tölfræðilegum upplýsingum. Með kortlagningunni er ekki síst horft til þess að greina hvaða hópar barna eigi mest á hættu að falla á milli fjalanna innan sveitarfélagsins.

Kortlagningin felst meðal annars í spurningalistum sem unnir eru af UNICEF í samstarfi við fræðimenn. Spurningalistarnir og leiðbeiningar um notkun þeirra eru aðgengilegir **hér**, tilbúnir fyrir notkun innan sveitarfélagsins. Spurningalistarnir eru sniðnir að ólíkum aldurshópum barna, foreldrum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau bæti spurningum við listana, slíkt getur verið áhugavert og veitt ítarlegri upplýsingar um stöðu barna í sveitarfélaginu.

Greining á niðurstöðum spurningalistanna hefur það markmið að varpa ljósi á velferð barna í sveitarfélaginu, og ekki síst að greina hvaða hópar barna standi höllum fæti. Þegar greint hefur verið um hvaða hópa er að ræða er mikilvægt að sveitarfélagið eigi samráð við börn sem tilheyra umræddum hópum. Þannig er hægt að nálgast verðmætar upplýsingar sem börnin búa yfir, sem má nota til að bæta þjónustu sveitarfélagsins. **Á spássíunni hér** til hægri er hægt að nálgast ítarlegar leiðbeiningar um samráð við viðkvæma hópa barna, viðtalsleiðbeiningar jafnt sem kennsluefni frá umboðsmanni barna í Svíþjóð.

Hér að neðan má lesa nánari lýsingu á ferlinu:

Framkvæmd kortlagningar

Stýrihópurinn ber ábyrgð á kortlagningunni. Mikilvægt er að hún byggji á fjölbreyttum upplýsingum, meðal annars:

- Svörum við gátlistum sem fylgja 5 grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga (*setja inn hyperlink hér f. grunnþættina*).
- Greiningu á svörum við spurningalistum barnvænna sveitarfélaga (lagðir fyrir börn, foreldra og valið starfsfólk sveitarfélagsins) (*setja hér hyperlink fyrir spurningalista*).
- Rannsóknnum og tölfræðilegum gögnum um börn, sem þegar liggja fyrir innan sveitarfélagsins.
- Upplýsingum frá sérfræðihópum barna sem settir eru saman með hliðsjón af niðurstöðu gát- og spurningalistanna. Niðurstöður þeirra gefa vísbendingar um málefni sem mikilvægt er að skoða betur og viðkvæma hópa barna sem þarf að veita sérstaka athygli. Mælt er með að hóparnir séu samsettir af börnum og ungmönnum sem hafi persónulega reynslu af viðfangsefnum. Samhliða samtali við sérfræðihópa barna er haft samráð við fullorðna og starfsfólks sveitarfélagsins sem einnig hefur þekkingu á viðfangsefni hvers hóps.

Gátlistar

Stýrihópurinn svarar ítarlegum gátlistum sem byggja á 5 grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga. Grunnþættirnir eru eftirfarandi:

1. Þekking á réttindum barna.
2. Jafnræði – bann við mismunun.
3. Þátttaka barna og ungmenna.
4. Það sem barninu er fyrir bestu.
5. Barnvæn nálgun/umhverfi.

Svör stýrihópsins við gátlistunum mynda hluta kortlagningar sveitarfélagsins (*setja inn hyperlink hér f. gátlista*).

Stýrihópurinn ber ábyrgð á að svara spurningum gátlistanna, en gert er ráð fyrir að hópurinn leiti sér upplýsinga og ráðgjafar út fyrir hópinn eftir þörfum. Margar spurninganna í gátlistunum eru þess eðlis að aðeins börn og ungmenni geta svarað þeim.

Spurningalistar

Stýrihópurinn hefur umsjón með að leggja spurningalista fyrir börn og ungmenni, foreldra og starfsfólk sveitarfélagsins. Spurningalistarnir eru ítarlegir og rýna í 7 málaflokka sem hafa með réttindi barna í sveitarfélaginu að gera:

- Leik og tómstundir
- Náttúru og umhverfi
- Húsnæðismál
- Þátttöku og borgaravitund
- Öryggi og vernd
- Menntun
- Líðan

Mælt er með því að spurningalistarnir séu lagðir fyrir í grunn- og framhaldsskólum til að tryggja sem víðtækasta svörun. Spurningalistarnir eru aðgengilegir hér til hliðar.

Samtal við sérfræðihópa barna

Niðurstöður gát- og spurningalista, ásamt fyrirbyggjandi tölfraeðigögnum sem sveitarfélagið hefur aðgang að, eru rýnd með það fyrir augum að bera kennsl á hópa barna sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu eða málefni sem þarf að skoða betur með hliðsjón af réttindum barna. Út frá niðurstöðunum er tekin ákvörðun um hvaða sérfræðihópa sveitarfélagið setur saman. Sérfræðihóparnir eru skipaðir börnum og ungmennum sem búa yfir verðmætri reynslu á málefnum sem þarf að rýna frekar í. Huga þarf vel að stofnun slíkra sérfræðihópa og undirbúa fundi þeirra með hliðsjón af viðfangsefninu hverju sinni. Ef umræðuefni/málaflokkarnir eru viðkvæmir er mikilvægt að sálfræðingur sé til staðar og börnin geti haft aðgang að honum eftir þörfum. Gefa þarf börnunum ítarlegar upplýsingar um efni og markmið fundanna áður en þau samþykkja að taka þátt. Eins getur verið nauðsynlegt að afla leyfis foreldra fyrir þátttöku í sérfræðihópunum, en það fer þó eftir efni og eðli viðfangsefnisins. Jafnframt þarf að tryggja að börnin fái upplýsingar í kjölfar fundanna um hvernig umræður og upplýsingar á fundunum með þeim hafi verið notaðar.

Samráðsfundur með börnum og ungmennum

Sveitarfélagið stendur fyrir stórfundi með börnum í sveitarfélaginu þar sem þau fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og viðhorf til sveitarfélagsins og þeirrar þjónustu sem það veitir. Á fundinum eru börnin spurð að því hvað þau vilji hafa áhrif á innan sveitarfélagsins, hvernig þeim henti best að koma skoðunum sínum á framfæri og hvernig sveitarfélagið ætti almennt að standa að samráði við ungt fólk. Markmið fundarins er einnig að teikna upp mynd af sveitarfélaginu með augum yngstu íbúanna og skapa samræðugrundvöll milli þeirra, stýrihóps verkefnisins og stjórnvalda.

Greinargerð

Þau sveitarfélög sem ætla að sækja um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög senda á þessu stigi óformlega greinargerð um niðurstöður kortlagningarinnar til UNICEF. Stýrhópurinn og umsjónarmaðurinn vinna greinargerðina og tilgreina þar helstu niðurstöður kortlagningarinnar. UNICEF gefur stýrihópnum endurgjöf á greinargerðina og í kjölfarið hefst vinna stýrihópsins við næsta skref, gerð aðgerðaáætlunar. Greinargerðin myndar hluta af mati UNICEF á því hvort sveitarfélagið hljóti viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag að innleiðingarferlinu loknu.

Samantekt – 2. skref

Hvað gerir sveitarfélagið?

- Stýrihópurinn kortleggur sveitarfélagið með gátlistum sem byggja á grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, spurningalistum og samtali við börn og starfsfólk sveitarfélagsins.
- Stýrihópurinn safnar saman í gagnagrunn fyrirbyggjandi tölfræðigögnum um börn í sveitarfélaginu og lætur greina þau á heildstæðan hátt.
- Kortlagningin byggir m.a. á röddum barna og ungmenna og eftir því sem við á foreldra og annarra forsjáraðila.
- Ef sveitarfélagið ætlar að sækja um viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag sendir stýrihópurinn greinargerð um niðurstöðu kortlagningarinnar til UNICEF.

Hvaða stuðning getur UNICEF boðið á þessu stigi?

- Ráðgjöf við kortlagninguna eftir þörfum.
- UNICEF fer yfir greinargerð stýrihópsins um niðurstöðu kortlagningarinnar og veitir honum endurgjöf á atriði sem mikilvægt er að hafa í huga í næsta skrefi, við gerð aðgerðaáætlunar (þetta á eingöngu við um sveitarfélög sem eru með samstarfssamning við UNICEF og ætla að sækja um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög).

3. skref - Fræðsla

Til að innleiðing Barnasáttmálans nái fótfestu innan sveitarfélagsins, verði sjálfbær og leiði af sér breytingar til batnaðar fyrir börn er nauðsynlegt að sáttmálinn sé vel þekktur meðal barna og fullorðinna. Til að sáttmálinn öðlist merkingu og nýtist sem hagnýtt verkfæri innan sveitarfélagsins er þörf á fræðslu um hvernig sáttmálinn tengist daglegu lífi barna og ungmenna – það þarf að setja hann í samhengi við verkefni sveitarfélagsins og börnin sem þar búa.

Námskeið og fræðsluerindi

Stýrihópurinn metur þörf fyrir fræðslu og námskeið innan sveitarfélagsins með hliðsjón af kortlagningunni í 2. skrefi.

UNICEF mælir með að eftirfarandi námskeið séu höfð með í áætlun stýrihópsins um fræðslu. Námskeiðin eru hluti af þeim námskeiðum sem UNICEF býður sveitarfélögum og opinberum stofnunum:

Sveitarstjórn, sviðstjórar og forstöðumenn stofnana sitji 2 tíma námskeið um hagnýta notkun Barnasáttmálans sem stjórnsýsluverkfæris.

Stýrihópur verkefnisins sitji heils dags námskeið um innleiðingu Barnasáttmálans og hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga.

Ungmennaráð sveitarfélagsins sitji 4 tíma námskeið um innleiðingu Barnasáttmálans og hagnýta þýðingu sáttmálans fyrir öll börn. Á námskeiðinu fær ráðið jafnframt þjálfun í hvernig það getur sjálft staðið fyrir jafningjafræðslu fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu.

Heils dags námskeið fyrir tengiliði verkefnisins innan stofnana og sviða sveitarfélagsins. Námskeiðið hefur það markmið að gera tengiliðina tilbúna til að fræða samstarfsmenn um verkefnið og stuðla að verkefnum sem eru í anda innleiðingarinnar. Þarna er áhersla á að ná til stofnana og sviða innan stjórnkerfisins sem vinna beint með börnum og ungmennum en einnig er mikilvægt að ná til sviða sem hafa ekki augljósa tengingu við börn við fyrstu sýn (t.d. fjármálasvið, skipulags- og umhverfissvið, eignaumsýsla o.s.frv.).

Hálfs dags námskeið fyrir takmarkaðan fjölda starfsfólks í gerð afleiðingagreiningar með hliðsjón af réttindum barna (child impact assessment) og barnamiðaðri greiningu á fjárhagsáætlunum (child friendly budgeting).

Fræðsluefni

Bæklingar, fræðsluefni og veggspjöld eru búin til og þau gerð aðgengileg fyrir íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins. Möguleiki á að búa til hvatningarsjóð sem bæjarbúar geti sótt í, með það fyrir augum að standa fyrir viðburðum og búa til fræðsluefni um Barnasáttmálann.

Samantekt – 3. skref

Hvað gerir sveitarfélagið?

- Stýrihópurinn metur þörf fyrir námskeið og fræðslu með hliðsjón af kortlagningunni í 2. skrefi. Tryggja þarf ákveðna grunnfræðslu til að verkefnið nái fótfestu.
- Fræðsluefni um Barnasáttmálann og innleiðingu hans gert aðgengilegt sem víðast innan sveitarfélagsins.

Hvaða stuðning getur UNICEF veitt á þessu stigi?

- UNICEF býður sveitarfélaginu upp þá fræðslu sem stýrihópurinn metur að þörf sé á.
- UNICEF aðstoðar sveitarfélagið við að gera fræðsluefni aðgengilegt sem fjölbreyttustum hópum innan sveitarfélagsins.
- Almenn ráðgjöf fyrir stýrihóp verkefnisins.

4. skref - Aðgerðaáætlun

Stýrihópurinn mótar aðgerðaáætlun verkefnisins með hliðsjón af niðurstöðu kortlagningarinnar í 2. skrefi. Aðgerðaáætlunin útlistar með skýrum hætti markmið sveitarfélagsins með innleiðingunni og þeim aðgerðum sem þörf er að ráðast í til að innleiða Barnasáttmálann. Sveitarstjórn samþykkir áætlunina formlega og sér til þess að hún sé vel kynnt, jafnt íbúum á öllum aldri sem og starfsmönnum sveitarfélagsins

Aðgerðaáætlun - Val á markmiðum og aðgerðum

Samráðshópurinn hefur umsjón með gerð aðgerðaáætlunar verkefnisins og velur markmið og aðgerðir út frá niðurstöðu kortlagningarinnar. Markmiðin tengjast m.a. þeim málaflokkum og hópum barna sem kortlagningin sýndi fram á að huga þurfi sérstaklega að í sveitarfélaginu.

Það er mikilvægt að börn og ungmenni fái tækifæri til að taka þátt í rýni á niðurstöðum kortlagningarinnar, vali á markmiðum aðgerðaáætlunarinnar og framkvæmd hennar. Jafnframt er hægt að gefa ungmennaráði sveitarfélagsins tækifæri til að skipuleggja sum markmiðin eða aðgerðirnar. Stýrihópurinn styður ungmennaráðið með ráðgjöf og fjármagni eftir þörfum.

Markmiðum í aðgerðaáætluninni þurfa að fylgja skýrar og tímasettar aðgerðir ásamt yfirliti yfir ábyrgðaskiptingu þeirra. Þegar tilteknu markmiði/aðgerð er náð ætti að uppfæra aðgerðaáætlunina með upplýsingum um mælanlegan árangur, ef við á.

Hér til hliðar má nálgast minnislista sem leiðbeinir stýrihópnum við gerð aðgerðaáætlunarinnar.

Upplýsingagjöf

Samhliða gerð aðgerðaáætlunar skipuleggur stýrihópurinn miðlun upplýsinga til íbúa og starfsmanna um framgang verkefnisins. Huga þarf að því að upplýsa börn og ungmenni um verkefnið. Stýrihópurinn útbýr auðlesna útgáfu af aðgerðaáætluninni sem er kynnt börnum sérstaklega.

Eftirfylgnifundur með UNICEF

Þegar aðgerðaáætlunin er tilbúin óskar stýrihópurinn eftir fundi með starfsfólki UNICEF. Þetta á þó eingöngu við um þau sveitarfélög sem ætla að sækja um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög. Tilgangur fundarins er að tryggja að þróun verkefnisins sé í samræmi við viðmið barnvænna sveitarfélaga, sem er ein af forsendum viðurkenningar sem barnvænt sveitarfélag. Á fundinum er farið í gegnum aðgerðaáætlunina og undirbúningsvinnuna í skrefum 1-3. Fulltrúi UNICEF gefur álit sitt á aðgerðaáætluninni og þróun hennar, með tilliti til hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga. Samráðshópurinn undirbýr sig fyrir fundinn með því að fara í gegnum spurningalista frá UNICEF. Það er ekki nauðsynlegt að svara spurningunum skriflega en fulltrúi UNICEF mun skrá svör stýrihópsins hjá sér á fundinum.

Aðgerðaáætlun samþykkt af sveitarstjórn

Þegar aðgerðaáætlunin er tilbúin er hún send sveitastjórn til samþykktar. Mikilvægt er að um áætlunina ríki þverpólitísk sátt, svo hún verði ekki bitbein ólíkra pólitískra fylkinga.

Samantekt - 4. skref

Hvað gerir sveitarfélagið?

- Samráðshópurinn býr til aðgerðaáætlun þar sem fram koma markmið og aðgerðir sveitarfélagsins í tengslum við innleiðingu Barnasáttmálans. Í aðgerðaáætluninni er tilgreint hvernig upplýsa eigi íbúa sveitarfélagsins um verkefnið.
- Stýrihópurinn gerir auðlesna útgáfu af aðgerðaáætluninni sem er sérstaklega kynnt börnum og ungmennum.
- Sveitarstjórn samþykkir aðgerðaáætlunina.

Hvaða stuðning getur UNICEF veitt á þessu stigi?

- Eftirfylgnifundur er haldinn þar sem fulltrúi UNICEF gefur álit sitt á aðgerðaáætlun sveitarfélagsins og undirbúningi hennar í skrefum 1-3. Þetta á eingöngu við um sveitarfélög sem ætla að sækja um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög.
- UNICEF getur veitt stýrihópnum ráðgjöf eftir þörfum.

5. skref - Framkvæmd

Í kjölfar þess að sveitarstjórn samþykkir aðgerðaáætlunina hefst vinna við að koma áætluninni í framkvæmd. Líkt og á fyrri stigum er mikilvægt að hugað sé að því hvernig börn og ungmenni geti með sem fjölbreyttustum hætti tekið þátt í innleiðingarferlinu.

Framkvæmd aðgerðaáætlunar

Stýrihópurinn heldur utan um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar í samstarfi við sveitarstjórn og þau svið/stofnanir sem áætlunin snertir. Stýrihópurinn sér jafnframt til þess að sveitarstjórn, starfsfólk og íbúar sveitarfélagsins séu upplýst um framgang verkefnisins. Þarna er ekki síst mikilvægt að stýrihópurinn tryggji að börn og ungmenni hafi aðgang að upplýsingum um innleiðinguna og geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Einnig skiptir máli að stýrihópurinn hafi í huga hvernig stuðlað sé að þátttöku barna og ungmenna í þeim aðgerðum sem aðgerðaáætlunin nær til, sérstaklega ungmennaráð sveitarfélagsins.

Barnaskýrsla

Mat á því hvort sveitarfélag fái viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag byggir m.a. á því að sveitarfélag skili sérstakri barnaskýrslu til UNICEF við lok innleiðingarferlisins. Í barnaskýrslunni fá börn og ungmenni tækifæri til að segja frá hvernig þátttöku þeirra hafi verið háttlað í innleiðingarferlinu. Markmið skýrslunnar er að tryggja að viðhorf barna og ungmenna séu höfð til hliðsjónar á öllum stigum innleiðingarinnar og í lokamati UNICEF. Skýrslugerðin er tilvalið verkefni fyrir ungmennaráð sveitarfélagsins. Gott er að hefja gagnasöfnun fyrir skýrsluna þegar í upphafi þessa skrefs.

Skýrsluhöfundarnir ráða sjálfir á hvaða formi þeir skila skýrslunni, hún getur verið sett fram sem myndasýning, myndband, dagbækur – eða blanda af ólíkum miðlum.

Samantekt - 5. skref

Hvað gerir sveitarfélagið?

- Sveitarfélagið framkvæmir aðgerðirnar sem skráðar eru í aðgerðaáætluninni og tryggir að upplýsingum um þær sé miðlað til íbúa, sérstaklega barna og ungmenna.
- Sveitarfélög sem ætla að sækja um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög senda UNICEF sérstaka barnaskýrslu við lok innleiðingarferilsins. Í henni koma fram viðhorf og upplifanir barna og ungmenna í sveitarfélaginu af ferlinu við að innleiða barnasáttmálann.

Hvernig stuðning getur UNICEF veitt á þessu stigi?

- UNICEF getur veitt ráðgjöf og fræðslu eftir þörfum.

6. skref - Skýrslur

Sveitarfélög sem ætla að sækja um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög skila skýrslum til UNICEF um framgang verkefnisins. Hér að neðan eru frekari upplýsingar um skýrslurnar og matsferlið sem fer af stað þegar þeim hefur verið skilað.

Lokaskýrsla

Þegar aðgerðaáætlun sveitarfélagsins telst uppfyllt (miðað við tveggja ára innleiðingartíma að lágmarki) skilar sveitarfélagið skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Í skýrslunni er lagt mat á hvernig hafi gengið að uppfylla aðgerðaáætlunina og hvort sveitarfélagið hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til barnvænna sveitarfélaga. Í skýrslunni gerir sveitarfélagið grein fyrir þeim þáttum innleiðingarferlisins sem gengu vel og þeim sem hefðu mátt ganga betur.

Barnaskýrsla

Barnaskýrslunni sem lýst var í 5. skrefi er skilað til UNICEF (á eingöngu við um sveitarfélag sem ætlar að sækja um viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag). Í skýrslunni segir ungmennaráð sveitarfélagsins frá þátttöku barna og ungmenna í innleiðingarferlinu og leggur mat á áhrif verkefnisins á börn. Börn og ungmenni eru bestu aðilarnir til að leggja mat á innleiðingu verkefnisins og til að segja sveitarfélaginu hvaða nálgun og aðgerðir hafi virkað og hverjar hafi ekki náð tilætluðum árangri.

Lokafundur með UNICEF

Eftir að skýrslunum hefur verið skilað til UNICEF fer fram skilafundur þar sem farið er yfir þær ásamt matslista barnvænna sveitarfélaga. Stýrihópurinn undirbýr hann með því að lesa í gegnum listann, ekki þarf að svara spurningunum á listanum skriflega. Á fundinum fara starfsmenn UNICEF í gegnum matslistann og meðlimir stýrihópsins segja frá innleiðingarferlinu, framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar og hvort markmiðum hennar hafi verið náð. Ef breytingar voru gerðar á aðgerðaáætluninni á tímabilinu segir stýrihópurinn frá því á fundinum og útskýrir af hverju.

Ef einhverjum markmiðum eða aðgerðum í aðgerðaáætluninni var gefinn lengri tímarammi en 2 ára innleiðingarferlið er það einnig tilgreint á fundinum.

Samantekt – 6. skref

Hvað gerir sveitarfélagið?

- Sveitarfélagið skilar lokaskýrslu og barnaskýrslu til UNICEF.
- Stýrihópurinn og starfsfólk UNICEF funda og fara yfir skýrslurnar og matslista barnvænna sveitarfélaga.
- Sveitarfélagið íhugar hvaða lærdóm megi draga af innleiðingarferlinu og hvernig hægt sé að nota niðurstöðu barnaskýrslunnar til að efla þátttöku barna og ungmenna innan sveitarfélagsins.

Hvaða stuðning getur UNICEF veitt á þessu stigi?

- Fulltrúar frá UNICEF taka þátt í lokafundinum og gefa sveitarfélaginu athugasemdir og tillögur eftir að mati starfsmanna samtakanna á innleiðingunni er lokið.

7. skref - Mat og viðurkenning

Sveitarfélög sem ætla að sækja um viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög funda með starfsfólki UNICEF í kjölfar þess að stýrihópurinn skilar loka- og barnaskýrslunum. Á fundinum er farið yfir skýrslurnar og hafist handa við að leggja mat á innleiðingu verkefnisins. Í kjölfarið er tekin ákvörðun um hvort sveitarfélagið fái viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga.

Mat

Viðurkenning barnvænna sveitarfélaga byggir á mati á innleiðingarferli sveitarfélags. Þar er horft til niðurstöðu eftirfylgni- og lokafunda með stýrihóp verkefnisins, skýrslu stýrihópsins og sérstakri barnaskýrslu. Í matinu er horft til eftirfarandi þátta:

1. Samsetningar stýrihópsins og verkefna hans.
2. Þátttöku barna og ungmenna í skipulagningu og framkvæmd.
3. Kortlagningar á stöðu sveitarfélagsins með hliðsjón af réttindum barna.
4. Undirbúnings fyrir gerð aðgerðaáætlunar.
5. Framkvæmdar aðgerðaáætlunar.

Til að sveitarfélag öðlist viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag þarf það að ná lágmarksstigafjölda fyrir hvern þátt líkt og skilgreint er í matslista barnvænna sveitarfélaga. Þó að sveitarfélag fái fullt hús stiga fyrir einn þátt bætir það ekki upp fyrir að það vanti upp á að lágmarksstigafjöldi náist fyrir aðra.

Viðurkenning sem barnvænt sveitarfélag

Ef aðgerðaáætlun sveitarfélagsins er uppfyllt, stigafjöldi sveitarfélags er fullnægjandi og starfsfólk UNICEF metur að innleiðing verkefnisins hafi verið réttindum barna til framdráttar er sveitarfélaginu veitt viðurkenning sem barnvænt sveitarfélag.

Í viðurkenningunni felast þakkir til sveitarfélagsins fyrir að hafa unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með hagsmuni allra yngri íbúa að leiðarljósi.

Þó að sveitarfélag hljóti viðurkenningu þýðir það þó ekki að innleiðingarvinnunni sé lokið, það er aldrei hægt að segja að Barnasáttmálinn sé að fullu innleiddur. Viðurkenningin gildir í þrjú ár, en að þeim tíma loknum getur sveitarfélagið óskað eftir nýju mati.

Samantekt – 7. skref

Hvað gerir sveitarfélagið?

- Ef sveitarfélag fær viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag kynnir það viðurkenninguna innan sem utan sveitarfélagsins.

Hvaða stuðning getur UNICEF veitt á þessu stigi?

- UNICEF metur innleiðingarferlið í sveitarfélaginu út frá ákveðnum forsendum og tekur ákvörðun um hvort veita skuli sveitarfélaginu viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag.
- UNICEF kynnir viðurkenninguna og verkefnið og bendir á jákvæð dæmi úr innleiðingarvinnunni.

8. skref - Endurmat og ný markmið

Viðurkenning barnvænna sveitarfélaga gildir í þrjú ár. Ef sveitarfélag vill viðhalda viðurkenningunni þarf að halda innleiðingunni áfram, setja ný markmið og gera nýja aðgerðaáætlun. Mikilvægur þáttur í þessu ferli er að draga lærdóm af fyrra innleiðingartímabilinu, skoða athugasemdir við lokaskýrsluna, mat starfsfólks UNICEF á innleiðingarferlinu o.s.frv.

Endurmat

Á þessu stigi er ástæða til að staldra við og leggja mat á innleiðingarferlið og hvaða lærdóm megi draga af vinnunni við að innleiða Barnasáttmálann. Til dæmis getur verið þörf á að huga að samsetningu stýrihópsins eða breyta nálgun hans að verkefninu. Að sama skapi er mikilvægt að líta á þátttöku barna og ungmenna í verkefninu og skoða hvað hægt sé að gera betur og hvernig auka má þátttöku þeirra.

Ný aðgerðaáætlun

Nýtt innleiðingartímabil hefst formlega með vinnu við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar, nýjum markmiðum og aðgerðum. Þegar sú aðgerðaáætlun hefur verið uppfyllt (miðað er við þrjú ár frá veitingu viðurkenningarinnar) getur sveitarfélagið sótt um nýtt mat og endurnýjun viðurkenningarinnar.

Endurnýjun viðurkenningar

Ef framkvæmd nýju aðgerðaáætlunarinnar er í samræmi við markmið áætlunarinnar endurnýjast viðurkenningin til þriggja ára í viðbót.

Viðaukar

Viðauki 1: Minnislisti fyrir aðgerðaáætlun

Fyrsta ár ferlisins miðar að því að búa til aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu Barnasáttmálans í sveitarfélaginu. Sveitarfélag sem ætlar að sækja um viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag bókar fund með starfsfólki UNICEF þegar aðgerðaáætlunin er tilbúin. Starfsfólkið skráir hjá sér athugasemdir meðan á fundinum stendur, en hann er hluti af mati samtakanna á því hvort sveitarfélagið fái viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag. Markmið fundarins er að tryggja að undirbúningsvinnan sé í samræmi við forsendur verkefnisins.

Áður en vinna hefst við gerð aðgerðaáætlunarinnar hefur stýrihópurinn:

- Framkvæmt ítarlega kortlagningu á velferð og réttindum barna innan sveitarfélagsins.
- Átt samráð við börn og ungmenni.
- Svarað gátlistum sem fylgja grundvallarforsendum barnvænna sveitarfélaga.

Það borgar sig að hafa eftirfarandi þætti í huga við gerð aðgerðaáætlunarinnar:

- Skýr markmið.
- Afmarkaðar aðgerðir sem miða að því að ná markmiðunum.
- Skilgreinda ábyrgðaraðila með hverri aðgerð.
- Tímaáætlun.
- Hlutverk og þátttaka barna og ungmenna í framkvæmdinni séu vel skilgreind.

Þar að auki er mikilvægt að hafa í huga:

- Hvernig matslisti UNICEF er uppbyggður og hvernig samtökin leggja mat á aðgerðaáætlunina að innleiðingarferlinu loknu.
- Hvers konar stuðning börn og ungmenni þurfi til að geta tekið þátt í innleiðingunni?
- Hvernig eigi að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um verkefnið og hver/hverjir beri ábyrgð á því.

Viðauki 2: Matslisti fyrir skýrslur og lokamat

Sveitarfélög sem ætla að sækja um viðurkenningu sem barnavæn sveitarfélög eru metin á tveimur tímamörkum í innleiðingarferlinu. Matið fer fram á eftirfylgnifundum stýrihópsins og UNICEF:

- Fyrri fundurinn er haldinn þegar aðgerðaáætlun sveitarfélagsins er að verða tilbúin.
- Seinni fundurinn fer fram tveimur árum eftir að innleiðing verkefnisins hefst, en þá ætti sveitarfélagið að hafa lokið við að framkvæma aðgerðaáætlun verkefnisins. UNICEF metur þá hvort veita eigi sveitarfélaginu viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag.

Stýrihópurinn undirbýr seinni fundinn með því að fara ítarlega yfir spurningalistann hér að neðan (hluti spurninganna gildir fyrir fyrri fundinn, hluti fyrir seinni og sumar fyrir báða). Á fyrri fundinum kynnir stýrihópurinn aðgerðaáætlunina fyrir starfsfólki UNICEF. Ekki þarf að svara spurningunum skriflega, starfsfólk UNICEF skráir svör stýrihópsins niður á fundinum. Mat er lagt á innleiðingu verkefnisins eftir fyrri og seinni fundinn.

Þættir og forsendur mats

Samsetning stýrihópsins og starfsemi

- Hvaða svið/stofnanir sveitarfélagsins eiga fulltrúa í stýrihópnum? Var íbúasamtökum, foreldrasamtökum eða öðrum félagsamtökum sem vinna innan sveitarfélagsins boðið að vera með?
- Býr stýrihópurinn yfir nægjanlegri þekkingu á viðfangsefninu. Er stýrihópurinn í aðstöðu til að hafa áhrif innan sveitarfélagsins, til að ná fram markmiðum verkefnisins innan ólíkra sviða og stofnana?
- eru allir meðlimir stýrihópsins í stöðu til að hafa áhrif og ná fram markmiðum verkefnisins innan síns starfsvettvangs?
- Hvernig taka börn og ungmenni þátt í starfi stýrihópsins? eru fulltrúar ungmennaráðs sveitarfélagsins meðlimir í stýrihópnum. Hefur hópurinn átt samráð við börn og ungmenni?
- Hvernig taka meðlimir stýrihópsins þátt í vinnunni við innleiðinguna; mæting á fundi, hlutverka- og ábyrgðarskipting?
- Hvernig er stutt við bakið á börnum og ungmennum sem eru þátttakendur í starfi stýrihópsins?
- Hvernig er upplýsingum dreift um verkefnið
 1. Innan sveitarfélagsins?
 2. Til barna og ungmenna?
 3. Til íbúa?

Við mat á þessum þætti er horft til:

- Samsetningar stýrihópsins. Hvort að hann sé samsettur af fulltrúum frá sem flestum sviðum/stofnunum sveitarfélagsins t.d. leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, félags- og tómstundastarfi, félagsþjónustu, umhverfis- og skipulagssviði, fulltrúum skrifstofu sveitarstjóra, kjörnum fulltrúum og íbúa- eða foreldrasamtökum.
- Hvort fulltrúar í stýrihópnum taki virkan þátt í starfi hópsins.
- Hvort lögð hafi verið vinna í að útfæra þátttöku ungmennaráðsins, jafnt sem annarra hópa barna og ungmenna í starfi stýrihópsins.
- Hvort innleiðing Barnasáttmálans sé vel kynnt innan sem utan sveitarfélagsins.

2. Þátttaka barna og ungmenna í öllum skrefum innleiðingarinnar

- Hvernig er séð til þess að börn á ólíkum aldri taki þátt í skipulagningu og framkvæmd verkefnisins?
- Hvert er hlutverk ungmennaráðs sveitarfélagsins í verkefninu?
- Hvernig er þátttöku barna og ungmenna í verkefninu háttað?
- Hvernig eru börn hvött til þess að tjá skoðanir sínar, hvernig eru upplýsingar um skoðanir þeirra nýttar, hvernig taka þau þátt í ákvarðanatöku vegna verkefnisins?
- Hvaða aðgerðir eru valdar eða stýrt af börnum og ungmennum?

Við mat á þessum þætti er horft til:

- Að þess sjáist merki að börn og ungmenni hafi tekið þátt í kortlagningu, skipulagningu og framkvæmd verkefnisins.
- Að börn á ólíkum aldri geti tekið þátt, bæði sem einstaklingar og í hópum.

3. Kortlagning

- Voru spurningalistar barnvænna sveitarfélaga lagðir fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu?
- Safnaði stýrihópurinn saman og greindi á heildstæðan hátt spurningalistana og fyrirbyggjandi tölfræðigögn um lífsskilyrði, líðan og réttindi barna í sveitarfélaginu? Miðaði sú greining að því að greina hvaða hópar barna séu líklegastir til að falla á milli fjalanna í sveitarfélaginu? Átti stýrihópurinn samráð við börn sem teljast til þessara hópa?
- Hélt stýrihópurinn almennan samráðsfund með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu?
- Var farið í gegnum allar spurningarnar í gátlistunum þegar kortlagningin var gerð?
- Hvaða upplýsingar lágu til grundvallar svörum við gátlistunum?
- Hvernig tóku börn og ungmenni þátt í kortlagningunni og mati á upplýsingum úr henni?
- Voru til staðar fullnægjandi upplýsingar til að svara öllum spurningum?
- Ef ekki, var aflað frekari upplýsinga?

Við mat á þessum þætti er horft til

- Greiningar stýrihópsins á svörum við spurningalistum barnvænna sveitarfélaga og fyrirbyggjandi tölfræðigögnum.
- Hvort greiningin hafi miðað að því að finna þá hópa barna sem eru viðkvæmir og líklegastir til að verða fyrir mismunun.
- Hvort stýrihópurinn hafi átt samráð við börn sem teljast til viðkvæmra hópa.
- Hvort stýrihópurinn hafi staðið fyrir stærri samráðsfundi með börnum og ungmennum innan sveitarfélagsins.
- Hvort öllum spurningunum á gátlistunum í kortlagningunni hafi verið svarað.
- Hvort reynsla barna og ungmenna sé hluti af upplýsingunum í kortlagningunni.

4. Gerð aðgerðaáætlunar

- Hvað stendur í aðgerðaáætluninni?
- Tekur aðgerðaáætlunin mið af kortlagningunni?

- Var upplýsingum um kortlagninguna miðlað innan sveitarfélagsins til barna, ungmenna og annarra íbúa?
- Tóku börn og ungmenni þátt við að leggja mat á upplýsingarnar sem aflað var í kortlagningunni og svörum við gátlistunum? Tóku þau þátt við að velja markmið og aðgerðir áætlunarinnar?
- Fengu íbúar sveitarfélagsins möguleika á að taka þátt í umræðum um aðgerðaáætlunina og hvað ætti að standa í henni?
- Hvernig voru markmið og aðgerðir í aðgerðaáætluninni valin?
- Inniheldur aðgerðaáætlunin skýr og mælanleg markmið?
- Var ábyrgðaraðili tilnefndur fyrir hverja aðgerð fyrir sig?
- Tekur aðgerðaáætlunin mið af því að ólíkir barnahópar geti tekið þátt í framkvæmd hennar?

Við mat á þessum þætti er horft til:

- Rökstuðnings fyrir vali á markmiðum og aðgerðum til að fylgja þeim eftir.
- Hvort börn og ungmenni taki þátt í túlkun á kortlagningu og svörum við spurninga- og gátlistunum og taki jafnframt þátt í að velja markmið og aðgerðir aðgerðaáætlunarinnar út frá niðurstöðunum.
- Að í aðgerðaáætluninni séu markmið og aðgerðir til lengri og styttri tíma, sem koma til framkvæmdar á innleiðingartímanum jafnt sem lengra fram í tímann.
- Hvort aðgerðirnar hafi áhrif til lengri tíma.

5. Framkvæmd aðgerðaáætlunar

Barnaskýrslan

- Lýsingar barna og ungmenna á hvernig þau hafi tekið þátt á ólíkum stigum verkefnisins.
- Skoðanir barna og ungmenna á hvernig verkefnið hafi tekist.
- Skoðanir barna og ungmenna á hverju verkefnið hafi skilað/ekki skilað.

Við mat á þessum þætti er horft til

- Hvernig færð eru rök fyrir valinu á þeim börnum og ungmennum sem gera skýrsluna.
- Hvort rætt hafi verið við skýrsluhöfunda um hvernig þeir sjái fyrir sér að niðurstöður skýrslunnar verði notaðar innan sveitarfélagsins?
- Hvernig standi til að nota niðurstöður skýrslunnar innan sveitarfélagsins?

Lokaskýrslan

- Hvernig heppnuðust aðgerðirnar, voru þær í anda spurninganna í gátlistunum?
- Hvaða áhrif hafði innleiðingin (urðu varanlegar breytingar á einhverjum þáttum í starfsemi sveitarfélagsins, hvað heppnaðist vel og hvað illa, hverju á enn eftir að koma í verk o.s.frv.)?
- Hvað töldu ólíkir aðilar innan sveitarfélagsins að hafi heppnast vel (Hvernig heppnaðist innleiðing verkefnisins í heild sinni; skoðanir meðlima í stýrihópnum)?
- Hvert var mat barna og ungmenna sem unnu með stýrihópnum að verkefninu?

- Hvernig meta hinir fullorðnu í stýrihópnum tækifæri barna og ungmenna til að taka þátt í verkefninu?
- Stuðlaði verkefnið að barnvænni stjórnsýslu eða nálgun við málefni innan sveitarfélagsins og þvert á svið þess; hvernig heppnaðist að innleiða verkefnið með heilðrænum hætti innan sveitarfélagsins?
- Hvernig tóku íbúar sveitarfélagsins eftir að innleiðing verkefnisins var í gangi?
- Voru tilnefndir einstaklingar innan stýrihópsins/sveitarfélagsins sem fylgdust sérstaklega með hvernig gekk að ná markmiðum aðgerðaáætlunarinnar?
- Hvaða lærdóm má draga af innleiðingu verkefnisins? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna framtíðar verkefnisins?

Við mat á þessum þætti er horft til:

- Hvort veitt hafi verið ítarleg svör við ofangreindum spurningum og hvað þyrfti að gera með öðrum hætti í þróun verkefnisins í framtíðinni.
- Hvort markmið aðgerðaáætlunarinnar hafi náðst. Ef ekki hvernig, brugðist var við og færð rök fyrir því ef breytingar voru gerðar á markmiðunum eftir að aðgerðaáætlunin var samþykkt.
- Aðgerða sem hafa verið framkvæmdar og aðgerða sem enn bíði eftir að vera komið í verk (hvort til sé tímaáætlun fyrir hvenær þessar aðgerðir verði framkvæmdar).